

Föstudaginn 15. júní 1990.

Nr. 234/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Steingrími Njálssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald, 5. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 11. júní sl., sem barst Hæstarétti 13. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til brotaferils ákærða og framlagðra gagna ber samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. júní 1990.

Ár 1990, mánudaginn 11. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að dómfellda, Steingrími Njálssyni, kt. 210442-3679, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi frá lokum fyrra gæsluvarðhalds kl. 13.00 í dag, þar til fullnaðardómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til mánudagsins 3. desember nk. kl. 16.00.

Af hálfu dómfellda er kröfunni mótmælt.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum kl. 13.00 í dag, var dómfelldi, Steingrímur Njálsson, dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 45. gr. laga nr. 53, 1966, um vernd barna og ungmenna. Jafnframt skal dómfelldi að refsivist lokinni sæta sérstakri gæslu samkvæmt 66. gr. og 67. gr. almennra hegningarlaga.

Við dómsuppsögu lýsti dómfelldi því yfir, að hann óskaði eftir að áfrýja dóminum til Hæstaréttar Íslands.

Dómfelldi hefur sætt gæsluvarðhaldi vegna þessa máls frá 17. febrúar sl., en ákæra í því var gefin út hinn 2. apríl sl.

Í dóminum er brotaferill dómfellda ítarlega rakinn, en þar kemur m.a. fram, að hann hefur framið brot af kynferðislegum toga gagnvart 14 drengjum.

Með vísan til forsendna dómsins, sem kveðinn var upp yfir dómfellda í dag, og skírskotun til 5. og 6. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt, eins og hér stendur sérstaklega á, að dómfelldi skuli sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi, eins og krafist er og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómfelldi, Steingrímur Njálsson, kt. 210442-3679, skal sæta áfram gæsluvarðhaldi, þar til fullnaðardómur hefur gengið í máli hans, en þó eigi lengur en til mánudagsins 3. desember nk. kl. 16.00.
